

Ed.

776. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla (þskj. 536).

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta felur í sér nafnbreytingu á Svalbarðsprestakalli í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi, og á það að nefnast Raufarhafnarprestakall. Er þá jafnframt gert ráð fyrir, að prestssetrið verði framvegis á Raufarhöfn.

Venjan er að vísu sú, að skipt er um prestssetur með einföldum úrskurði ráðherra, að fengnum meðmælum biskups, og að prestakall haldi sínu gamla nafni, þótt skipt sé um prestssetur. Hinsvegar er upplýst, að Raufarhafnarsókn er nú orðin nær þriðjungí fjölmennari en Svalbarðssóknin, og er þá eðlilegt, að prestur sitji þar, sem fjölmenni er meira. Ennfremur munu það óskir manna í fjölmennari sókninni, að prestur sitji á Raufarhöfn, m. a. til þess að hann fái tekið þátt í barna- og unglíngafraeðslu þar í þorpinu, er ekki yrði við komið, ef hann sæti á núverandi prestssetri. Og loks mun, eins og prófastur bendir á, hægara að þjóna Svalbarðssókn frá Raufarhöfn en Raufarhafnarsókn frá Svalbarði, þegar ekki verður komizt á milli nema sjöveg.

Þykir nefndinni því rétt, eftir atvikum, að mæla með því, að frv. verði samþykkt. En hinsvegar vill hún þó taka fram, að hún telur rétt, þó að frv. þetta verði að lögum, að sú venja haldist framvegis óbreytt, að skipta megi um prestssetur með einföldum ráðherraúrskurði, að fengnum meðmælum biskups.

Alþingi, 12. des. 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.

Þorsteinn Briem,
frsm.

Ingvar Pálmason,
fundaskr.

Magnús Guðmundsson.

Páll Hermannsson.